



Alþingi
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2009-2012, mál 582, 138. löggjafarþing

Vestfjarðavegur 60 og Dýrafjarðargöng

Samgöngunefnd Alþingis var þann 26. apríl s.l. send áskorun samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga vegna stöðu Dýrafjarðarganga og Vestfjarðavegar 60 í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2009-2012. Vísað er til skiptingu fjármagns á bls 24, verkefni Vestfjarðavegur 60 og að nýju verði sett inn verkefnið Dýrafjarðargöng. Ályktunin er hér með áréttuð og telst hluti þessara umsagnar (sjá fylgiskjöl). Hér er fylgt eftir stefnu vestfirskra sveitarfélaga sem kemur fram stefnumótun í samgöngumálum frá árinu 2008 og nú síðast í ályktun 54. Fjórðungsþings Vestfirðinga frá árinu 2009. Hefur Alþingi og viðkomandi ráðuneytum verið kynnt framangreind gögn, en þau fylgja einnig hér með rafrænum hætti. Rétt er að undirstrika að þau tvö samgönguverkefni sem hér að framan greinir eru forsenda fyrir viðsnúningi og eflingu byggðar á Vestfjörðum á komandi árum. Auka þarf við það heildarfjármagn sem leggja á til verkefna á Vestfjörðum meira en lagt er til samkvæmt þingsályktun um tillögu að samgönguáætlun 2009-2012.

Hér verða nú tekin til umfjöllunar önnur atriði samgönguáætlunar, vísast til efnisgreina eftir því sem við á.

Kafli Almenn samgönguverkefni. (bls 1)

Það gerir alla umfjöllun um markmiðsetningu, framtíðarsýn og tillögur að verkefnum í samgönguáætlun 2009-2012 flókna, að ekki er verið að ræða efni hennar í samhengi við langtímasamgönguáætlun til ekki lengri tíma en ársins 2014. Í þessari umræðu nýtist því ekki sú vinna sem þegar hefur verið lagt í á vegum Samgönguráðs og innan Sóknaráætlunar 20/20.

Boðað er að ný langtímaáætlun í samgöngumálum verði lögð fyrir Alþingi nú í haust og áherslum og tímasetningum verkefna verði þá hugsanlega breytt. Auk framangreindra áætlana er vísað til fjarskiptaáætlunar, ferðamálaáætlunar, endurskipulagningu stjórnkerfis ríkisins og eflingu sveitarstjórnarstigsins. Þetta er jákvætt en um leið skapast óvissa hvaða verkefni er verið að fastsetja í samgönguáætlun 2009-2012.

Fjórðungssamband Vestfirðinga er þeirrar skoðunar að leggja verði áherslu á að ná fram breytingum á samgönguáætlun 2009-2012. Fjórðungssambandið telur að sú hætta sé fyrir hendi



miðað við áætlað heildarframlag til vegamála, að ekki verði gefið mikið svigrúm til að taka inn ný samgönguverkefni á komandi árum. Vestfjarðavegur 60 er síðasta stóra verkefni samgöngufirvalda þar sem unnið er að tengingu þéttbýlis við þjóðvegakerfið með vegi með bundnu slitlagi. Dýrafjarðagöng eru síðan grundvöllur fyrir öðrum áætlunum stjórnvalda og sveitarfélaga í eflingu byggðar á Vestfjörðum og opna um leið mikil tækifæri til uppbyggingar útflutningsatvinnugreina svo sem eldi sjávardýra og ferðaþjónustu.

Það er því mat Fjórðungssambands Vestfirðinga að ekki sé hér skýrt hvaða verkefni er verið að fastsetja í samgönguáætlun 2009-2012. Hér er sett fram sú ábending að samgöngunefnd kalli eftir skýringum hvernig samráði við aðrar áætlanir stjórnvalda verið háttað og óski eftir álitum allsherjarnefndar og iðnaðarnefndar Alþingis í þessum efnum.

Kaflar 1.1– 1.5 Markmið.(bls 1-3)

Mikilvægt er að möguleikar strandsiglinga séu í sífelldri skoðun. Á Vestfjörðum má horfa til aukinna flutninga s.s. með afurðir úr kalkþörungum og eldi sjávardýra. Strandflutningar geta einnig dregið úr álagi á vegakerfi, lækkun flutningskostnaðar og dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Tekið er undir þau markmið sem sett eru hér fram um jákvæða byggðáþróun. Forsendur fyrir framsetningu markmiðs um jákvæða byggðáþróun liggur nú þegar fyrir í vinnu að gerð Byggðááætlunar 2010-2013, vinnu Samgönguráðs árið 2009 og hinni viðtæku vinnu að gerð Sóknaráætlunar 20/20. Í þessari umfjöllun er rétt að vísa til fyrirlestrar Þórodds Bjarnasonar, prófessors við HA, á fundi Sóknaráætlunar 20/20, sem haldinn var á Akureyri þann 7. apríl s.l.. Benti Þóroddur á að 93 % þjóðarinnar býr nú á svæðum sem geta eflst á eigin forsendum, er þá miðað 10.000 íbúa eða fleiri sem jafnframt búa við viðunandi samgöngur innan við 100 km radíus út frá kjarnasvæði. Þetta eru Suðvesturland (Borgarfjörður-Reykjanes-Árnessýslur), miðhluti Norðurlands og miðhluti Austurlands. Vísa má einnig til sambærilegrar umfjöllunar í greinargerð með Byggðááætlun 2010-2013 sem nú liggur fyrir Alþingi. Horft til Vestfjarða og aðliggjandi svæða á Norðurlandi vestra og Vesturlandi þá hindra núverandi samgöngur og fjarlægð milli þéttbýlisstaða við myndun slíkra vaxtarsvæða. Áfangi í átt að nýju vaxtarsvæði er ný vegur um Arnkötuldal og framkvæmdir við Vestfjarðaveg 60 hefðu verið það einnig ef þær hefðu gengið fram samkvæmt áætlun. Nærtækasta verkefnið í þessum efnum er síðan gerð Dýrafjarðargangna. Með Dýrafjarðargöngum myndast svæði með um 6.300 íbúa, þar sem mesta vegalengd milli þéttbýlisstaða er um 160 km. Samfélagsrannsókn sem gerð var á vegum Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri, árið 2007¹ fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga, benti á að íbúðarhúsnæði væri vannýtt á þessu tilgreinda svæði og gæti íbúum fjölgað um 1.100 án þess að byggja þurfi nýtt húsnæði. Innviðir sveitarfélaganna væru á sama hátt vannýttir. Þjóðfundur á Vestfjörðum haldin í tengslum við Sóknaráætlunar 20/20 benti á klára

¹ http://www.fjorungssamband.is/fv/upload/files/skyrslur_um_stadarval/skyrsla_lok_12_nov.pdf



sérstöðu Vestfjarða í eldi sjávardýra, ferðaþjónustu, rannsóknar og þróunarumhverfi og ósnortnu umhverfi. Uppbygging á grunni þessarar sérstöðu er að mati Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, geta skapað grundvöll fyrir fjölgun íbúa um 1.500 – 2.000 manns, á næstu 5-10 árum. Beint er til samgöngunefndar Alþingis að taka mið af slíkum staðreyndum og skoði þær undir markmiðum um jákvæða byggðáþróun.

Flugmálaáætlun. (bls 35)

Fagnað er þeim áfanga að hefja eigi byggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkflugvöll. Það er forsenda fyrir eflingu byggðar um land allt að höfuðborg eigi sem öflugastar tengingar við aðra byggðakjarna landsins. Sú staðreynd gleymist oftast en ekki, að innanlandsflug á Íslandi er ígildi járnbrauta og hraðbrauta í samgöngukerfum annarra landa. Með samgöngumiðstöð skapast margþætt tækifæri í að endurskipuleggja almenningssamgöngur á Íslandi, til að skapa gott flæði innanlandsflugs, alþjóðaflugs og samgangna á landi. Nálægð við hátæknisjúkrahús er mikið öryggisatriði. Nálægð samgöngumiðstöðvar síðan við uppbyggingu háskóla, tónlistar og ráðstefnuhúss verður einnig styrkur fyrir uppbyggingu háskólasamfélaga og eflingu ferðaþjónustu í nágrenni um land allt.

Í samgönguáætlun 2007-2010 var gert ráð fyrir að árinu 2010 kæmu til framkvæmda verkefni við flugbrautir og flughlöð á áætlunarvöllum á Bildudal og Gjögri. Þessi verkefni er ekki að finna í nýrri samgönguáætlun sjá *aðrir flugvellir í grunnnet (bls 41)*, ekki er um háar fjárhæðir að ræða en um mikilvæg verkefni fyrir viðhald og öryggi þessara flugvalla. Bent er á að þessir flugvellir, sérstaklega á Gjögri eru hluta ársins eina samgöngutenging viðkomandi svæða við aðra hluta landsins..

Einnig hafa verið felldar niður fjárveitingar til uppbyggingar flugleiðsögubúnaðar á Ísafjarðarflugvelli, en fresta varð uppsetningu búnaðar vegna fyrirhugaðrar staðsetningar hans við jarðgagnamunna við Hnífsdal við gerð Óshlíðargangna. Mikilvægt er að tryggja öryggi í flugi og að ekki séu tæknilegar hindranir í að stunda áætlunarflug yfir vetrarmánuðina. Þetta er lykilþáttur tengingu landssvæðisins, vegna viðskipta, þjónustu, rannsókna og menntunar jafnt á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Fjórðungssamband Vestfirðinga vill síðan nefna tvö verkefni sem eru að hluta inn í flugmálaáætlun. Annarsvegar að leita samstarfs við Grænlandsk samgönguyfirvöld um tengingu innanlandsflugs á Íslandi við innanlandsflug á Austur Grænlandi og byggja upp aðstöðu fyrir móttöku flugvéla og flugfarþega á Ísafjarðarflugvelli. Minnt er á samþykkt þingsályktunar á Alþingi frá árinu 2007 um úttekt á uppbyggingu þjónustumiðstöðvar við Austur Grænland. Í sama tilgangi verði leitað nýrra leiða í flugöryggismálum flugvallarins, litið verði til lausna og hugsanlegar undanþága sem flugvellir með álíka landfræðilegar aðstæður, hafa í nágrennaríkjum t.d. í Noregi. Framangreint verkefni snertir umfjöllun í kafla 2.2.4.5. bls 42 um



Þróun og áætlunargerð um nauðsynlegar úrbætur og stöðlun flugvalla til að mæta alþjóðlegum kröfum. Hinsvegar er verkefni sem Fjórðungssambandið vill benda á, til lengri tíma litið, að verulegir framtíðarmöguleikar eru fólgnir í uppbyggingu ferðaþjónustu um Patreksfjarðarflugvöll með tilliti til nálægð hans við Látrabjarg, helsta ferðamannastað Vestfjarða. Þar sem flugvöllurinn er ekki inni á grunnneti í dag þá drabbast niður. Slíkt verður hindrun í framangreindu verkefni þar sem kostnaður við að koma honum í rekstur að nýju verður mun meiri en ef viðhaldi hans væri sinnt.

Vegaáætlun.(bls 54)

Vísað er til umfjöllunar hér í upphafi um forgangsöröðun stærstu verkefna á Vestfjörðum. Því er beint til samgöngunefndar að tryggja sveigjanleika í ráðstöfun þess fjármagns sem ætlað er til nýframkvæmda á Vestfjörðum. Mikill skaði er þegar skeður þar sem langur ferill umhverfismats, kæru og dómsmála og ásamt efnahagsþrengingum hefur leitt til þess að Alþingi hefur dregið til baka áður samþykktu fjárveitingar til nýframkvæmda. Skal hér sérstaklega vísað til verkefna á Vestfjarðavegi 60 og fjármagns sem var í samgönguáætlun 2007-2010 og viðauka við þá samgönguáætlun.

Tryggja verður að hönnun vega sé lokið þannig mögulegt sé að hefja útboð á veg framkvæmdum strax og ferill umhverfismats er lokið. Verði um frekari frestanir sé þess ávallt gætt að fjármagn verði til reiðu hvort sem horft er til framkvæmda frá Þorskafirði að Skálanesi við Kollafjörð eða framkvæmdir frá Kerlingafirði í Vattarfjörð.

Á sama hátt verður að leita sveigjanleika í áætluðum framkvæmdum í Strandasýslu. . Áætlað er fé til framkvæmda á vegi 643 – 02 (Djúpvegur – Drangnesvegur) er 480 mkr, miðast verkefnið við endurnýjun brúar á Staðará í botni Steingrímsfjarðar og færslu vegar að nýrri brú. Framkvæmdin hefur tafist um nokkurt skeið þar sem kostnaður er hár og endanleg staðsetning nýrrar brúar hefur ekki legið fyrir og hugsanlega verða um frekari tafir að ræða. Samkvæmt fyrri og gildandi samgönguáætlun þá átti öðrum framkvæmdum á vegi sem kalla má syðri hluta Strandavegar 643 (Djúpvegur – Drangnesvegur) að vera lokið. Brúargerð og vegur átti því að vera lokaáfangi í úrbótum á þessum hluta vegarins norður í Árneshrepp og tengingu Drangnes með vegi með slitlagi. Í viðauka við samgönguáætlun 2007-2010 var sett fjármagn til vegakafans Bjarnafjarðarháls-Klúka en það var síðan dregið til baka í samþykkt Alþings um niðurskurð í vegamálum. Í dag er þessi vegakafli vegna þungatakmarkanna, stærsta hindrun fyrir umferð hópferðabíla og flutningabíla í Bjarnafjörð og norður í Árneshrepp. Ótal dæmi eru um að ferðaþjónustuaðilar hafi orðið af verulegum viðskiptum og mikið óhagræði og kostnaðarauki er fyrir flutningsaðila af þessum sömu sökum. Því er hér beint til samgöngunefndar að ef verði um frekari tafir á framkvæmdum í botni Steingrímsfjarðar, þá verði veitt heimild til að nýta hluta af tilgreindu fjármagn í Strandsveg 643, til endurnýjunar á þessum veghluta 643, Bjarnafjarðarháls – Klúku.



Áætlunarflug. Bls 60.

Fjórðungssamband Vestfirðinga mótmælir því að lækkun ríkisstyrks til áætlunarflugs virðist lagður að jöfnu óháð staðsetningar viðkomandi flugvallar. Gæta verður að í niðurskurði vegna efnahagsmála, að þeir staðir sem hvað mest eru háðir flugsamgöngum, sérstaklega að vetrarlagi, séu ekki lagðir að jöfnu við svæði sem hafa fleiri samgönguúrræði. Hér skal sérstaklega bent á mikilvægi flugs í Árneshrepp um Gjögurflugvöll, annarsvegar að þar sem flugvöllurinn er að vetrarlagi eina samgönguleið íbúa sveitarfélagsins og hinsvegar að flugið styðji við vaxandi ferðamannastraum. Um langt skeið hefur útboð á flugi til Gjögurs miðast við flug tvisvar í viku frá Reykjavík til Gjögurs árið um kring. Á þessu ári, 2010, hefur ferðum í útboði verið fækkað niður í eina ferð í viku yfir sumartímann. Slíkt mun skapa verulegt óhagræði fyrir íbúa sem sækja þjónustu til höfuðborgarsvæðis og fyrir ferðamenn og ferðabjónustuaðila. Hlutfallslega er um margra tugaprósentu niðurskurð um að ræða og gengur mun lengra gagnvart samfélagi og atvinnulífs þessa sveitarfélags en öðrum svæðum landsins. Hér er um litlar fjárhæðir að ræða í hinu stóra samhengi og ætti ekki að þvælast fyrir samgönguyfirvöldum að finna lausn á þessu verkefni.

Ferjan Baldur. (Bls 60)

Allar þær tafir sem hafa orðið á framkvæmdum á Vestfjarðavegi 60 gera þá kröfu á stjórnvöld að ekki sé skert fjármagn til siglinga ferjunnar Baldurs um Breiðafjörð.

Viðhald vega. (Bls. 62)

Samgönguáætlun gerir ráð fyrir að ganga ekki lengra í viðhaldi vega en halda þeim frá skemmdum (bls 63). Malarvegir þurfa stöðugt viðhald og fyrir landssvæði eins og Vestfirði þar sem hæsta hlutfall malarvega er stofnvegakerfi landinu, er ekki nægjanlegt að verja þá skemmdum heldur verður að tryggja þeim stöðugt viðhald.

Ísafirði 14. maí 2010

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl.

Ályktun 54. Fjórðungspings Vestfirðinga